Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi

SKV. 29 GR. LAGA FÉLAGSÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM NR. 40/1991

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

1.gr.
Markmið og forsendur

Lögboðin akstursferðaþjónusta er veitt á grundvelli laga til afnota fyrir þá íbúa í Kópavogi sem heyra undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þjónustan er ætluð einstaklingum með lögheimili í Kópavogi sem og uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, geti ekki notað almenningssamgöngur og að þeir eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum. geta ekki notað þjónustu almenningsvagna vegna langvarandi fötlunar og þarfnast sértækrar akstursþjónustu til að komast á milli staða á höfuðborgarsvæðinu.

Að jafnaði er miðað við akstur fyrir fólk frá 16 ára aldri og til 67 ára. og tTaka reglur þessar ekki til aksturs í leik- og grunnskóla. Fatlað fólk sem var með akstursþjónustu fyrir 67 ára aldur getur áfram þegið akstursþjónustu eftir reglum þessum.

Markmið lögboðinnar akstursferðaþjónustu er að gera notendum þjónustunnar kleift að stunda atvinnu og nám, sækja þjónustu og njóta tómstunda.

2. gr.
Skilgreiningar á ferðum, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Fjöldi ferða fer eftir samkomulagi við umsækjenda. og þjónustudeildar fatlaðra.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka.

Þjónustusvæði er höfuðborgarsvæðið frá Hafnarfirði í suðri og Kjalarnes í norðri.

3. gr.
Gjaldtaka

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó og greiðist til Kópavogsbæjar. ÞauÞeir sem fá úthlutað akstri á grundvelli samnings við Blindrafélagið greiða gjald í samræmi við það samkomulag til Blindrafélagsins. Sé þörf fyrir fylgdarmann er heimilt að innheimta gjald sem svarar strætógjaldi fyrir hann.

Gjald fyrir akstursþjónustu sem veitt er vegna tímabundinnar hreyfihömlunar er ákveðin af velferðarráði Velferðar- og mannréttindaráði og birt í gjaldskrá á heimasíðu bæjarins.

Gjald vegna árskorts skal miðast við árskort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Gjald vegna 6 mánaða korts miðast við 60% af árskorti fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Árskort og 6 mánaða kort gilda fyrir fastar ferðir sem mætt er í.

4. gr.
Umsóknarferli og úthlutanir

Sótt er um með rafrænum hætti á heimasíðu Kópavogsbæjar en einnig er hægt að nálgast umsókn til útprentunar á www.kopavogur.is sem skilað er til þjónustuvers Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1. ~~Umsókn um akstursferðaþjónustu skal senda til þjónustuvers Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1. Þá er hægt að sækja um rafrænt á íbúagátt á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is~~

Í umsókn þarf að koma fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Læknisvottorð og/eða greinargerð annarra fagaðila skal fylgja umsókn.

Umsóknir eru lagðar fyrir ~~deildarfundi þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra~~fagfund eins fljótt og auðiðtt er ~~að jafnaði sjö dögum~~ eftir að umsókn og gögn hafa borist. Umsókn er fyrst og fremst metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna eða aðra ferðamöguleika.

~~Umsækjandaendum er tilkynnt bréflega um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun deildarfundar fagfundar til velferðarráðs Velferðar- og mannréttindaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála þegar niðurstaða velferðarráðs liggur fyrir~~.

Notanda- ber að tilkynna velferðarsviði um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu. ~~Sækja þarf sérstaklega um fjölgun ferða.~~

5. gr.
Framkvæmd

Þegar umsókn hefur verið samþykkt getur ~~umsækjandi~~ notandi snúið sér beint til framkvæmdaraðila akstursferðaþjónustunnar, sem tekur á móti beiðnum notenda, veitir upplýsingar um aksturstíma og skipulagningu ferða.

Mikilvægt er að farþegar séu tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á tilsettum tíma. Sé ástæða til aðstoðar bílstjóri farþega frá anddyri og inn í bíl. Ekki er beðið eftir farþega á meðan hann sinnir erindum sínum og bílstjórum er ekki heimilt að sinna erindum fyrir farþega.~~ekki er heimilt að bílstjóri sinni neinum erindum fyrir farþega.~~

Farþegar þurfa að vera viðbúnir því að um tafir og breytingar á áætlun geti orðið, sérstaklega vegna slæmrar færðar eða annarra óvæntra hindrana.

Geti ~~farþegi~~ notandi ekki með nokkru móti,- af tilteknum og rökstuddum ástæðum, -nýtt sér ferðir með þeim sérútbúnu bifreiðum sem akstursaðili ferðaþjónustunnar rekur, getur hann farið fram á að fá samning um sérstaka útfærslu á framkvæmd.

6. gr.
Öryggismál og tengd atriði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Aksturs~~Ferða~~þjónusta er ~~í höndum~~ veitt af framkvæmdaraðila sem sinnir þjónustu skv. samningi við Kópavogsbæ. Allur bílakostur er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður.

Akstursaðili ~~ferðaþjónustu~~ akstursþjónustu Kópavogsbæjar tekur á sig ábyrgð á ráðningu bifreiðastjóra og að starfsmenn séu með fullgild ökuréttindi, aukin ökuréttindi og hafi sótt skyndihjálparnámskeið. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs í aksturs~~ferða~~þjónustunni sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Hafi starfsmaður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

~~7. gr.~~
~~Áfrýjun~~

~~Umsækjandi getur skotið ákvörðun um úthlutun til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá ákvörðun. Jafnframt skal honum kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála þegar niðurstaða velferðarráðs liggur fyrir.~~

~~8. gr.~~
~~Gildistaka~~

~~Reglur þessar eru settar samkvæmt 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.~~
~~Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Kópavogs 03.07.2~~

7. gr.
Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

8. gr.
Málshraði

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef velferðarsviði Kópavogs berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.
Velferðarsvið Kópavogs skal taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

9. gr.
Endurskoðun

Rétt til akstursþjónustu fyrir fatlað fólk má endurskoða hvenær sem er með tilliti til aðstæðna og stuðningsþarfa.

10. gr.
Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

11. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.
Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.
Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

12. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Kópavogs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

13. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs Kópavogs tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði ~~velferðar- og mannréttindaráðs~~sviðsstjóra velferðarsviðs.

14. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun velferðarsviðs Kópavogs til velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs skal kynnt umsækjanda bréflega og aftur kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

15. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðarsviðs og/eða velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun sviðsins eða ráðsins eftir því sem við á.

16. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi þann xx. xx 2026. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi frá 3. júlí 2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026